

# Foreldraráðsfundur

## Brimver/Æskukot

Mættar eru: Sigríður Birna Leikskólastjóri, Vigdís Jónsdóttir staðgengill leikskólastjóra í Brimveri, Vigdís Sigurðardóttir formaður, Charlotte Sigrid meðstjórnandi, Þóra Ósk varamaður og Elín Heiða varamaður.

Elín Heiða ritaði fundargerð.

### 1. Starfsáætlun

Starfsáætlun vetrarins kynnt í grófum dráttum. Leikskólastjóri ætlar að senda áætlunina í tölvupósti til þeirra sem mættu til nánari glöggvunar og fékk ráðið frest til mánudagsins 30. okt til að lesa hana yfir og koma athugasemdum á framfæri.

### 2. Starfsreglur

Starfsreglur foreldraráðs kynntar og ræddar.

### 3. Þagnareiður

Foreldraráð skrifaði undir þagnareið.

### 4. Fundir skólaársins 2017-2018

Ákveðið var að koma með tillögur að fundartímum fyrir þetta skólaár, ásamt því að setja niður grófa fundadagskrá.

Fundir foreldraráðs þennan veturinn verða:

*16. janúar 2018 kl: 16 í Æskukoti*

- Foreldraráð ætlar fyrir þann tíma, að vera búið að kynna sér vel reglur og hlutverk foreldraráðs.
- Starfsdagar skólaársins 2018-2019 verða ræddir.

*13. mars 2018 kl: 16 í Brimveri*

- Starfsdagar skólaársins 2018-2019 sem og skóladagatal þess árs rætt.

*24. maí 2018 kl: 20 í Brimveri - **Aðalfundur***

- *Venjuleg aðalfundarstörf*

*5. júní 2018 kl: 16 í Æskukoti*

- *Nýtt foreldraráð kemur saman og undirbýr næsta skólaár.*

### **5. Önnur mál**

Leikskólastjóri kynnti fyrir foreldraráði Áfalla- og slysaáætlun leikskóla Árborgar. Hún talaði um að slík áætlun væri mjög nauðsynleg og hafi komið sér vel. Áætlunin er lifandi plagg sem er í stöðugri rýni og umbætur gerðar ef þörf krefur. Hún ætlar að athuga hvort það megi áætlunina á vef skólans.

Fh. Foreldraráðs Brimvers/Æskukots  
Elín Heiða Þorsteinsdóttir